# H. G. skrifar 4. nóvember 1930 varðandi gjaldþrot,einnig lögreglustjórinn í Reykjavík

Bjarni Benediktsson – H. G. skrifar 4. nóvember 1930 varðandi gjaldþrot,einnig lögreglustjórinn í Reykjavík

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

4. nóvember 1930 skrifar Hl.G. og leyfir sér að óska fyrirskipana ráðuneytisins, hvað gert skuli í málinu.

16. nóv. '29. skrifar G. Sch. og leggur til að lögreglustj. sé skrifað, að rn. telji frekari aðgerðir gegn H.G.L. mega bíða uns útséð sé um gjaldþrot hennar, en að þá sé rétt að lögreglustj. athugi mál hennar á ný. Ætti um leið ~~þess~~ geta þess, að ef lögreglustj. telji líklegt, að B.G. hafi með lántöku sinni framið lögbrot, og unt muni að upplýsa það, þá sé auðvitað rétt og skylt að rannsaka það mál nánar.

Á þetta ritar Einar Jónsson „Samþ. skrif. stofustjóra G.G.“

Í samræmi við þetta er lögreglustj. í bréfi skrifað 29. nóv. 1929 þar sem honum er tilkynnt með skírskotun til viðtals, að ráðuneytið telji frekari rannsóknir gegn Hl.G.L. mega bíða uns skorið hefur verið úr um gjaldþrot hennar í hæstarétti, en þá er rétt að málið sé athugað á ný. Ennfremur er rétt og skylt að að rannsaka nánara viðskiftagerninga Bjarnar Gíslasonar, ef þér teljið að hann með lántöku sinni hafi framið lögbrot og að unt sé að upplýsa það.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. sept. 1930 skrifar ráðuneytið „með tilvísun til bréfs yðar dags. 29. nóv. f. á. snertandi rannsókn á gjaldþroti Klausens og Ingu Pétursdóttur þar sem ráðuneytið tilkynnti yður að rétt væri að láta frekari rannsókn í nefndu búi bíða uns skorið væri úr um gjaldþrots-kæruna í hæstarétti, skal yður hér með tjáð með tilvísun til samtals, að með því að rannsókn þessa máls hefur legið mjög lengi niðri og dómur er enn ekki fallinn í hæstarétti álítur ráðuneytið, að mál þetta megi ekki dragast lengur og er þessvegna hér með lagt fyrir yður að taka málið til rannsóknar J. J.“ er undirskrifað endanl. af G. B.

Skrifstofustj. fór ferðaleyfi 17. mars 1930 og kemur aftur í febrúar 1931.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur